





## Efnisyfirlit

Ávarp stjórnarformanns	2
Stjórn Norðurorku	3
Skipurit	3
Frá forstjóra	4
Yfirlit yfir starfsemina	5
Ársreikningur 2015	21

Ábyrgðarmaður: Baldur Dýrfjörð

Útlitshönnun: Geimstofan

Myndir:

Auðunn Níelsson, bls. 2, 3, 4, 12 og 18.

Lára Stefánsdóttir, forsíðumynd og á bls. 6, 9, 10, 20 og 35

Vigfús Ingi Hauksson, bls. 5, 7, 11, 13, 14 og 17

Brynjólfur Sveinsson, bls. 36

Forsíðumynd: Borun nýrrar holu á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði

## Ávarp stjórnarformanns



Geir Kristinn Aðalsteinsson

Árið 2012 fórum við í endurskoðun á stefnu Norðurorku. Rýnt var í söguna, horft til framtíðar, staðan tekin, hvað gengur vel og hvað mætti gera öðruvísi. Hver yrðu leiðarljósin okkar. Í vinnu okkar fæddist meðal annars það lykilmarkmið „að Norðurorka sé hornsteinn í norðlensku samfélagi“ og þar með að kraftur félagsins og þekking starfsmanna séu nýtt eins og kostur er á hverjum tíma til þess að efla samfélagið í víðum skilningi.

Kjarnarekstur Norðurorku er sannarlega veitustarfsemi fyrst og fremst og mikilvægt að muna að þar liggur okkar megin ábyrgð. Engu að síður býr félagið yfir möguleikum til þess að styðja við og fjölga tækifærum í samfélaginu með ýmsum hætti og það höfum við vissulega gert í gegnum tíðina með góðum árangri.

Þau tímamót urðu á árinu 2015 að formlegar virkjunarframkvæmdir hófust á Þeistareykjum. Það kemur fram í stórbættum efnahag Norðurorku þar sem Landsvirkjun nýtti sér heimild í kaupsamningi við Norðurorku og greiddi upp skuldabréf og lánsamning sem voru hluti af kaupverði hlutabréfa í Þeistareykjum ehf. á sínum tíma. Hér ber að hafa í huga að það voru norðlensk fyrirtæki og sveitarfélög sem á sínum tíma tóku höndum saman um að stofna Þeistareyki ehf. Markmiðið var að koma Þeistareykjasvæðinu á kortið sem framtíðar vinnslusvæði raforku með því að hefja þar rannsóknir og borun tilraunahola. Fyrir það ber að þakka og þar með að lagður er

grunnur að atvinnuuppbyggingu og auknu orkuöryggi á Norðausturlandi. Ánægjulegt er að Norðurorka og forverar hennar eiga stóran hlut að því máli.

Í ársskýrslu félagsins má sjá því stað að Norðurorka hefur víða komið að frumkvöðlaverkefnum bæði á sviði frekari orkuöflunar, en einnig í þróunarverkefnum af ýmsum toga. Þar höfum við ásamt öðrum lagt fram hlutafé sem og vinnuframlag til þess að gangsetja og koma verkefnum fram eða á kortið eins og sagt er. Þá höfum við einnig í vissum tilvikum tekið verkefnin alveg að okkur eins og á við um metanframleiðslu úr hauggasi frá gömlu sorphaugunum á Glerárdal og með því að stofna félagið Vistorku sem er ætlað að vinna að hugmyndum sem geta stuðlað að kolefnisjöfnun samfélagsins.

Í nóvember 2015 skrifaði Norðurorka, ásamt 103 íslenskum fyrirtækjum, undir loftslagsyfirlýsingu Festu sem varð hluti af framlagi Íslands til loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í París. Þar skuldbinda fyrirtækin sig til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs, ásamt því að mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta. Áformað er að gera umhverfisúttekt á starfsemi Norðurorku árið 2016 og snýr hún fyrst og fremst að umhverfisþáttum í daglegri starfsemi fyrirtækisins.

Þegar stjórn Norðurorku horfði til allra framangreindra þátta lá í hlutarins eðli að eðlilegt væri að taka þá með formlegum hætti inn í stefnumótun félagsins. Á stjórnarfundum í desember 2015 var því ákveðið að fara í svonefnda „græna stefnumótun“. Í henni felst að horfa bæði inn á við og út á við. Inn á við í þeim skilningi að mikilvægt er að Norðurorka setji sér og rekstrinum markmið í umhverfismálum og sé þar til fyrirmyndar. Út á við í þeim skilningi að félagið marki sér stefnu um þátttöku í nýsköpunar- og þróunarverkefnum og að þar sé lögð áhersla á forgang verkefna sem stuðla að sjálfbærri nýtingu og umhverfisvernd. Er þessi vinna þegar hafin og


mun henni ljúka á fyrri hluta ársins 2016.

Einn af mikilvægustu þáttunum í starfsemi Norðurorku er skynsamleg nýting þeirra auðlinda sem okkur er treyst fyrir. Þetta er ekki aðeins áskorun fyrir fyrirtækið sjálft heldur einnig alla viðskiptavinum þess. Þó að við Íslendingar séum svo lánsamir að búa við mikið af sjálfbærum auðlindum þá þurfum við að hafa í huga að þær eru ekki ótakmarkaðar. Því er það mikið umhugsunarefni með hvaða hætti við nýtum þær. Hér nægir að nefna notkun okkar á heitu og köldu vatni. Þannig má nefna að Norðurorka, félagið okkar, stendur frammi fyrir miklum og stórum verkefnum í frekari öflun jarðhita og neysluvatns. Þetta kallar á frekari rannsóknir og leit að auðlindum og í framhaldinu miklar og eftir atvikum áhættusamar framkvæmdir. Við höfum stundum haft á orði að í þessum efnun ætti fyrsta auðlindin okkar að vera viðskiptavinurinn sjálfur. Með því vísam við til þess að stundum er sagt að Íslendingar séu orkusóðar svo mikið notum við á mann af auðlindum okkar. Því er ekki að leynd að ákveðið sannleikskorn er í þessu. Nægir í því samhengi að skoða gífurlega mikla notkun okkar á bæði neysluvatni og heitu vatni í samanburði við nágrannalönd okkar.

Því er þetta nefnt hér að víða í löndunum í kringum okkur er unnið hörðum höndum að því að setja upp svonefnda „SMART-mæla“. Með þeim er hægt að mæla notkun mjög nákvæmlega innan sólarhringsins og verðleggja auðlindina með þeim hætti að þeir sem fara vel með njóti þess í enn ríkara mæli en nú er. Ljóst er að þessi tækni er handan við hornið á Íslandi og mikilvægt að við nýtum hana í þágu skynsamlegrar auðlindanýtingar eða ættum við ef til vill að segja auðlindaverndar. Þar eru sannarlega tækifæri.

Að endingu vil ég þakka starfsfólki Norðurorku og meðstjórnarmönnum mínum fyrir ánægjulegt og gott samstarf á árinu, sem og hluthöfum og síðast en ekki síst viðskiptavinum félagsins.

## Skipurit Norðurorku



## Stjórn Norðurorku hf. 2015



Geir Kristinn Aðalsteinsson, formaður  
Ingibjörg Ólöf Isaksen, varaformaður  
Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir, meðstjórnandi  
Edward Hákon Huijbens, meðstjórnandi  
Njáll Trausti Friðbertsson, ritari

### Varastjórn:

Eva Hrunn Einarsdóttir  
Jóhann Jónsson  
Margrét Kristín Helgadóttir  
Matthías Rögnvaldsson  
Óskar Ingi Sigurðsson

## Frá forstjóra



Helgi Jóhannesson

Hefðbundinn rekstur Norðurorku-samstæðunnar gekk mjög vel á árinu 2015. Hagnaður varð 1.591 milljónir króna eftir skatta en áætlanir gerðu ráð fyrir 407 milljónum króna. Skýringin á þessum mikla mun liggur í því að Landsvirkjun nýtti sér heimildarákvæði í lánsamningi sem gerður var þegar Norðurorka seldi hlut sinn í Þeistareykjum ehf. árið 2009. Kaupsamningur um kaup á hlutabréfum gerði ráð fyrir greiðslu í peningum, greiðslu með hefðbundnu skuldabréfi og síðan greiðslu með skilyrtum lánsamningi. Skilyrðin lutu að því að umræddur hluti kaupverðsins kæmi því aðeins til greiðslu að Þeistareykjasvæðið yrði virkjað og nýtt fyrir ákveðin tímamörk. Að mati Landsvirkjunar voru þessi skilyrði komin fram og því nýtti félagið sér ákvæði sem heimila uppgreiðslu á lánsamningnum og barst hún í lok árs, samtals að fjárhæð 950 milljónir króna.

Norðurorka hafði hins vegar ekki fært þennan lánsamning til tekna í bókum félagsins sökum óvissu um nýtingu svæðisins og hefur þess verið getið í skýringum með ársreikningi liðinna ára. Samhliða ofangreindu uppgjöri ákvað Landsvirkjun að greiða einnig upp framangreint skuldabréf og jókst lausafé Norðurorku þannig umtalsvert. Framangreind uppgjör hafa eðli málsins samkvæmt mjög jákvæð áhrif á reksturinn og efnahag Norðurorku og ljóst að fjármögnun Norðurorku verður til muna léttari næstu ár og verulega dregur úr lánsfjárförf vegna nýrra framkvæmda.

Í þessu samhengi er vert að ítreka að mörg stór fjárfestingarverkefni eru framundan í samstæðunni, svo sem bygging Glerárvirkjunar II, bygging hreinsistöðvar fyrir fráveitu og stór verkefni í að auka

orkumátt hitaveitunnar. Þá kemur til endurfjármögnunar vegna kaupa Norðurorku á fráveitu Akureyrar seinnipart ársins 2018.

Komið er að þáttaskilum í rekstri hitaveitunnar því að yfir köldustu vetrardagana má segja að hún sé á fullum afköstum og því lítið sem má út af bera í rekstrinum. Fyrst og fremst er um flutningstakmarkanir að ræða, en heildarmyndin er þó aðeins stærri en það. Hér er vísað til þess að hægt er að auka afköst vinnslusvæðisins á Arnarnesi en á því er sá hængur að ekki er hægt að auka flutningsafköstin vegna þess að aðveituæðin til Akureyrar annar ekki meiru. Aftur á móti hefur aðveituæðin frá Laugaland-, Botns- og Hrafnagils-svæðinu mun meiri flutningsgetu heldur en nemur núverandi afköstum vinnslusvæðanna. Því hefur verið lögð á það mikil áhersla undanfarin ár að auka rannsóknir á þessum svæðum með það í huga að þar megi ná meira vatni. Þetta hefur leitt til þess að ákveðið hefur verið að bora við Botn og Hrafnagil sumarið 2016. Kemur þar tvennt til álita, þ.e. að bora núverandi holur út eins og það er nefnt og dýpka í leiðinni eða hreinlega að bora nýja holu á milli þeirra tveggja sem eru þar núna. Í framhaldinu er einnig áætlað að bora nýja holu við Sigtún en þar var boruð tilraunahola sem féll saman árið 2000.

Gangi ekki eftir að ná auknu vatni af ofangreindum svæðum er nauðsynlegt að fara í lagningu nýrrar aðveitulagnar frá Arnarnesi til Akureyrar sem kemur þá til viðbótar núverandi lögn sem er fullnýtt. Ljóst er að þetta er stórt og fjárfrekt verkefni sem er í raun tvíþætt því við bætist að einnig þarf að fara í breytingar á stofnkerfum innan bæjarmarkanna til þess að koma vatninu á rétta staði til dreifingar ef svo má segja. Fyrstu áætlanir benda til að kostnaður við lagningu nýrrar aðveitulagnar sé í kringum einn og hálfur milljarður.

Norðurorka hefur undanfarin misseri átt í samningaviðræðum við landeigendur í Syðri-Haga og Ytri-Vík um jarðhitaréttindi jarðanna og nýtingu þeirra sem lið í þeirri áætlun að frekara vatn komi frá norðri í framtíðinni. Á hinn bóginn má heldur ekki gleyma jarðhitanum í Vaðlaheiði sem fyrir Norðurorku er spennandi möguleiki. Jarðhitinn í Vaðlaheiði er þó enn sem komið er lítt rannsakaður og er unnið að rannsóknaráætlun sem á næstu misserum mun að óbreyttu leiða til tilraunaborana í Vaðlaheiði.

Þegar horft er til framtíðar og

ofangreindra verkefna hvað varðar rekstur og fjárfestingarþörf er það mat stjórnar og stjórnenda að verðskrá Norðurorku taki breytingum í takt við verðlag. Á árinu var komið á ákveðnu verkferli varðandi þá matsþætti sem horft er til við breytingar á verðskrá og stefnt að því að þeir verði lagðir til grundvallar í framtíðinni.

Í lok ársins var farið í skipulagsbreytingar hjá Norðurorku. Ástæður voru meðal annars að verkefnum félagsins hefur fjölgað og skerpa þurft á ábyrgð á ákveðnum þáttum. Í breytingunum felst að verkefnum framkvæmdasviðs var skipt upp og bætt við veitu- og tæknisviði. Þá var ákveðið að mannaútsjórnun annars vegar og gæða-, umhverfis- og öryggis-stjórnun hins vegar yrðu stöðeiningar sem heyra beint undir forstjóra. Loks var stofnuð skrifstofa forstjóra sem sinnir stjórnsýsluverkefnum og ýmsum öðrum verkefnum í umboði forstjóra og er starfsmaður hennar jafnframt staðgengill forstjóra. Verkefni Norðurorku eru fjölþætt á fjórum veitusviðum. Þar erum við í svipaðri stöðu og systurfélag okkar á höfuðborgarsvæðinu, Orkuveita Reykjavíkur þó á minni skala sé en engu að síður einu fyrirtækin sem eru með alla fjóra veituflokkana í sínum rekstri, auk þess að eiga dótturfélög sem sinna raforkuframleiðslu og sölu. Starfsmenn Norðurorku eru rúmlega sextíu og þurfa margir þeirra að vera í nokkrum hlutverkum í takt við umfang og eðli verkefna hverju sinni. Í ljósi þessa getur aukið umfang í verkefnum eins starfsmanns leitt af sér breytingar hjá fleirum. Til að auka sveigjanleika í skipulaginu var því í breytingunum horft til starfsheitisins verkefnastjóri frekar en að festa starfsheiti við ákveðin svið eða starfseiningar.

Í samvinnu við Akureyrarbæ var á árinu tekin ákvörðun um að stofna fyrirtækið Vistorku ehf. Fyrirtækið er eins manns verkefnastofa og er ætlað að vinna að „grænum“ lausnum í nærsamfélaginu og jafnframt að hvetja almenning og fyrirtæki til aukinnar „grænnar“ hugsunar. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Norðurorku og hugsað sem tilrauna-verkefni í tæp tvö ár. Samhliða þessu hefur stjórn samþykkt að fara í svonefnda „græna stefnumótun“ en vinna við hana hófst í lok ársins 2015.

Ég færi stjórnarmönnum þakkir fyrir gott samstarf liðin ár. Einnig vil ég þakka starfsfólki gott og farsælt samstarf á árinu 2015.

## Starfsemi Norðurorku hf. á árinu 2015

### Stjórnsýsla

Aðalfundur Norðurorku hf. var haldinn 27. mars 2015. Hluthafahópurinn er óbreyttur,

- Akureyrarbær 98,26%,
- Hörgársveit 0,8%,
- Eyjafjarðarsveit 0,12%,
- Grýtubakkahreppur 0,18%,
- Svalbarðsstrandarhreppur 0,46%
- Þingeyjarsveit 0,18%.

Á aðalfundi félagsins var stjórn félagsins endurkjörin. Stjórnarformaður er Geir Kristinn Aðalsteinsson, varaformaður Ingibjörg Ólöf Isaksen, ritari Edward H. Huijbens og meðstjórnendur Njáll Trausti Friðbertsson og Friðbjörg Jóhanna Sigurjónsdóttir. Í varastjórn eru Eva Hrunn Einarsdóttir, Jóhann Jóhannsson, Óskar Ingi Sigurðsson, Margrét Kristín Helgadóttir og Matthías Rögnvaldsson.

Stjórnin hélt tólf fundi frá síðasta aðalfundi.

### Mannauðsmál

Kjaramál voru áberandi á árinu enda flest stéttarfélag með lausa samninga eins og það er nefnt. Víða voru blikur á lofti og um tíma leit út fyrir veruleg átök á vinnumarkaði með tilheyrandi verkföllum og

vinnudeilum. En sem betur fer náðist lending sem sátt varð um. Norðurorka hf. er aðili að Samtökum atvinnulífsins og fara samtökin með kjarasamningsumboð fyrir hönd félagsins gagnvart stéttarfélagum. Stefna Norðurorku í kjaramálum er að félagið sé samkeppnishæft í kjörum miðað við hinn almenna markað eins og það er nefnt. Gerðir eru sérstakir kjarasamningar milli SA f.h. Norðurorku og stéttarfélaga, þ.e. hvorki félagið né viðkomandi stéttarfélag hafa verið hluti af samfloti. Reyndin hefur hins vegar verið sú að samningsaðilar hafa farið þá leið að fylgja í kjölfar þeirra aðalkjarasamninga sem gerðir eru af heildarsamtökum launafólks og atvinnurekenda.

Samstarf er milli Kjalar – stéttarfélags í almannajónustu og Einingar Íðju og semja þau sameiginlega við Norðurorku vegna sinna félagsmanna og hefur þetta fyrirkomulag reynst vel og verið farsælt. Þá gerir félagið kjarasamning við Rafiðnaðarsambandið, RSÍ, vegna rafvirkja og rafíðnifræðinga og við VM, félag vélstjóra og málmtæknumanna.

Lokið var við gerð allra kjarasamninga á árinu en í þeim

öllum eru endurskoðunarákvæði sem fyrst reynir á í febrúarmánuði 2016. Kostnaður vegna kjarasamninganna er í takt við það sem gerist á almennum markaði.

Á árinu störfuðu alls 63 starfsmenn hjá félaginu í 61,5 stöðugildum, 45 karlar og 18 konur. Alls létu átta starfsmenn af störfum á árinu þar af þrír fyrir aldurs sakir. Sex starfsmenn voru ráðnir til starfa auk eins sem var lausráðinn en fékk fastráðningu. Ráðnir voru þrír verkamenn á árinu, vélfræðingur, rafvirki, þjónustufulltrúi í bókhald og starfsmaður í skjalavörslu var fastráðinn en hann sinnir einnig verkefnum á teiknistofu.

Á árinu voru haldnir sex starfsmannafundir en þeir eru nýttir til kynningar og upplýsingagjafar um reksturinn, langtímaáætlanir, stefnumótun og fræðslu ýmiss konar. Síðast en ekki síst gefst starfsfólki tækifæri til að koma með fyrirspurnir og vekja umræðu um þau mál sem því liggur á hjarta.

Starfsfólk tók þátt í fjölbættri fræðslu á árinu sem ýmist var skipulögð af Norðurorkuskólanum eða námskeiðum skipulögðum af þriðja aðila. Starfsmenn sóttu skyndi-



hjálp- og eldvarnarnámskeið og haldin var rýmingaræfing í húsnaðinu á Rangárvöllum. Nokkrir af starfsmönnum Norðurorku sóttu starfslokanámskeið sem Kjölur stéttarfélag starfsmanna í almannapjónustu o.fl. skipulögðu í samstarfi við Akureyrarbæ og stofnanir hans. Norðurorkuskólinn í samstarfi við Rafiðnaðarskólann skipulagði svonefnt kunnáttumannanámskeið (raforkuöryggi), sem er skyldunámskeið fyrir alla þá sem þurfa að vinna í dreifistöðvum og aðveitustöðvum. Auk starfsmanna Norðurorku sóttu starfsmenn Tengis hf. námskeiðið og ýmsir starfsmenn rafverktaka á Akureyri. Þá var skipulagt námskeið fyrir starfsmenn Norðurorku í viðhaldsstjórnunarkerfinu DMM og starfsmenn teiknistofu og fleiri sóttu

námskeið í teikniforritinu „AutoCAD“. Nokkrir starfsmenn Norðurorku sóttu ítarlegt gæðastjórnunarnámskeið sem Gæðastjórnunarfélag Norðurlands hélt í samvinnu við Endurmenntun HA í október. Trúnaðarmenn stéttarféлага sóttu að venju trúnaðarmannanámskeið á vegum sinna stéttarféлага. Í tilefni 100 ára afmælis kosningaréttar kvenna 19. júní 2015 bauðst þeim starfsmönnum sem vildu taka þátt í hátíðarhöldum dagsins að taka sér frí frá vinnu.

Fjölmarginir starfsmenn framkvæmdasviðs og framkvæmdastjórn sóttu fagfund Samorku (hitaveitu-, vatnsveitu-, og fráveitusvið) í Borgarnesi í maí 2015.

Norðurorka býður starfsmönnum reglulega upp á heilsufarsmælingu auk þess sem þeir fá fræðslu frá hjúkrunarfræðingunum sem mælingarnar

gera. Margir starfsmenn nýta sér heilsueflingarstyrk Norðurorku og þó nokkrir hafa einnig skrifað undir svonefndan samgöngusamning. Í samningnum felst að starfsmaður fær samgöngustyrk enda komi hann til vinnu á umhverfisvænan hátt, gangandi, hjólandi eða með almenningsamgöngum, tiltekinn lágmarksdagafjölda í mánuði.

## Gæða-, umhverfis- og öryggismál

Gæðakerfi Norðurorku nær til allra sviða fyrirtækisins og miðar að því að tryggja viðskiptavinum örugga afhendingu og hagkvæma þjónustu. Gæðakerfið samanstendur af eftirfarandi skjalfestum og vottuðum rekstrarkerfum: ISO 9001: Gæðastjórnun, GÁMES: Stjórnun matvælaöryggis, Rafmagnsöryggis-



stjórnkerfi sem er lögbundið öryggis-kerfi samkvæmt kröfum Mannvirkjastofnunar og innra eftirlitskerfi með sölumælum sem samþykkt er af Neytendastofu. Óháðir vottunaraðilar gera árlega úttektir á því að starfsemi Norðurorku sé í samræmi við ofangreinda staðla og í úttektum ársins 2015 var staðfest að svo væri. Nokkur umbótaverkefni hafa verið í vinnslu þetta árið og árlegur rýnifundur var haldinn í apríl þar sem gæðaráð og stjórnendur rýndu gæðakerfið, stefnu og markmið.

Aðgangur að hreinu neysluvatni er ein verðmætasta auðlind íbúa og fyrirtækja á veitusvæði Norðurorku. Flestir líta á hreint neysluvatn sem sjálfsagðan þátt í daglegu lífi og virðist sem menn leiði sjaldan hugann að því hvort hreinleiki drykkjarvatnsins sé í hættu. Það er því miður ekki fyrir en eitthvað kemur uppá sem fólk gerir sér grein fyrir mikilvægi neysluvatnsins og að nauðsynlegt geti verið að grípa til forvarna og úrbóta. Það eru ýmsir þættir sem skapa hættu á mengun grunnvatns og vatnsbóla, á og í nágrenni við vatnsverndarsvæði Norðurorku, en þó ber helst að nefna aukna umferð vélknúinna ökutækja. Þjóðvegur nr. 1 liggur í gegnum vatnsverndarsvæðið á Vöglum og í Hlíðarfjalli, útivistarparadís Akureyringa, hefur umferð vélknúinna tækja aukist en þessi tvö svæði sjá íbúum Akureyrar og þeim fjölmörgu matvælafyrirtækjum sem þar eru fyrir hreinu neysluvatni. Á árinu var unnið að viðbragðsáætlun vatnsveitu, m.a. í samvinnu við 112, og er hún langt komin.

Unnið hefur verið markvisst að endurskipulagningu og úrbótum á fráveitunni á Akureyri eftir að Norðurorka tók við rekstri hennar í upphafi árs 2014. Starfsemi fráveitunnar hefur nú verið komið inn í gæðakerfið og verkferlar og vinnulýsingar skjalfest varðandi rekstur og eftirlit.

**Umhverfismál** hafa fengið aukna athygli á Íslandi undanfarin ár og á síðari hluta ársins samþykkti stjórn Norðurorku að móta formlega stefnu félagsins í umhverfismálum.

Á undanförunum árum hefur Norðurorka komið að fjölda umhverfissvænna verkefna sem nánar er vikið að hér í skýrslunni auk þess sem stjórn félagsins hefur ákveðið að fara í sérstaka stefnumótun á þessu sviði.

Í nóvember skrifaði Norðurorka undir loftslagsyfirlýsingu Festu ásamt rúmlega eitt hundrað öðrum íslenskum fyrirtækjum. Þar skuldbinda fyrirtækin sig til að sýna samfélagslega ábyrgð í verki með því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, minnka myndun úrgangs ásamt því að mæla árangurinn og gefa reglulega út upplýsingar um stöðu ofangreindra þátta.

Í framhaldi af þessu er áformað að gera umhverfisúttekt á Norðurorku árið 2016 og snýr úttektin aðallega að umhverfisþáttum í daglegri starfsemi fyrirtækisins.

**Öryggismál** eru mjög mikilvægur þáttur í rekstri Norðurorku. Okkar markmið er að starfsmenn komi jafn heilir frá vinnu sinni og þeir koma til hennar og er leitast við að ná þessum markmiðum með kynningu og fræðslu. Öryggisnefnd er starfandi innan fyrirtækisins en hana skipa tveir öryggistrúnaðarmenn sem kosnir eru af starfsfólki og tveir öryggisverðir sem skipaðir eru af fyrirtækinu. Á árinu var haldinn fyrirlestur um eldvarnareftirlit og rýmingaráæfing fór fram á Rangárvöllum. Þá sóttu starfsmenn námskeið hjá Slökkviliði Akureyrar þar sem fræðst var um slökkvitæki og mismunandi virkni þeirra. Í lokin var síðan verkleg æfing þar sem starfsmenn slöktu lífandi elda með eldvarnarteppi og mismunandi tegundum af slökkvitækjum. Þá fóru starfsmenn einnig á skyndihjálparnámskeið en fyrirtækið sendir starfsmenn sína á slíkt námskeið annað hvert ár. Er námskeiðið bæði bóklegt og verklegt þar sem hjartahnoð og munn við munn aðferðin eru æfð á þar til gerðum brúðum og sýnd er virkni hjartastuðtækja en Norðurorka er einmitt með eitt slíkt í húsakynnum sínum á Rangárvöllum.



Endurbætur á dreifistöð nr. 37

## Verðskrá

Það er og hefur verið keppikefli Norðurorku að viðskiptavinir njóti góðs árangurs í rekstri og að verðskrár veitna félagsins endurspeglir þetta. Þessi hefur verið reyndin og verðskrárnar með þeim hagstæðustu á landinu í langan tíma.

Áramótin 2013/2014 tók Norðurorka þátt í sameiginlegu átaki aðila vinnumarkaðarins um að stemma stigu við víxlhækkunum verðlags. Verðskrár hitaveitu og vatnsveitu hækkuðu ekki og verðskrá vatnsveitu var haldið í lágmarki. Þetta þýddi að meðaltalshækkun hjá viðskiptavinum Norðurorku var um 0,7% milli ára.

Með sama hætti var verðskrárhækkunum haldið í lágmarki við áramótin 2014/2015. Þannig var engin hækkun á verðskrá rafveitu og almenn verðskrá hitaveitu hækkaði um 2,5% og vatnveitu um 2%. Þær breytingar urðu hins vegar á verðskrá fráveitu að hætt var að miða við hlutfall af fasteignamati og tekið upp ákveðið verð á fermetra, auk fastagjalds á hverja matseiningu fasteignar samkvæmt fasteignaskrá. Er þetta sama aðferð og beitt er við verðskrá



vatnsveitu. Þessi aðferð þýðir meiri jöfnun milli viðskiptavina þar sem stærð eignar er grundvöllur gjaldsins en ekki fasteignamat hennar. En fasteignamat getur sem kunnugt er verið mjög breytilegt milli eigna eftir aldri þeirra, ástandi og staðsetningu. Þykir þetta betri mælikvarði þó að vissulega hafi hann þýtt að vatnsgjald hjá sumum húseigendum hafi hækkað en lækkað hjá öðrum, þ.e. eftir því hvort eignir þeirra voru lægri eða hærri í mati miðað við jafn stórar eignir.

Nokkrar fyrirspurnir og athugasemdir bárust vegna þessarar breytingar sérstaklega frá fasteigna-eigendum á starfssvæði okkar þar sem fasteignamat er tiltölulega lágt miðað við eignir á Akureyri. Flestir höfðu þó skilning á því að kostnaður við rekstur og þjónustu veitna er í engu samhengi við mismunandi fasteignamat. Til samræmis við aðrar veitur var einnig tekið upp tengingjald í fráveitu.

Fráveitugjald er eins og vatnsgjald innheimt af sveitarfélögunum samhliða innheimtu fasteignagjalda samkvæmt sérstöku samkomulagi við sveitarfélögin á starfssvæði Norðurorku. Til umræðu hefur komið að Norðurorka innheimti þessi gjöld samhliða innheimtu fyrir aðrar veitur félagsins en ekki hefur orðið af því ennþá.

Þær breytingar urðu á sköttum að virðisaukaskattur af raforku-dreifingu lækkaði úr 25,5% í 24% og virðisaukaskattur af heitu vatni hækkaði úr 7% í 11% til samræmis við almenna breytingu sem ákveðin var í virðisaukaskattskerfinu. Innheimta umhverfis- og auðlindaskatts sem vera átti tímabundinn skattur þegar hann var lagður á hélt hins vegar áfram.

## Fjárhagur

Ársreikningur Norðurorku hf. er samstæðureikningur þar sem áhrif dótturfélaga koma fram og niðurstöður hlutdeildarfélaganna hafa sömuleiðis áhrif á niðurstöðu rekstrarreiknings.

Tekjur ársins 2015 hjá móðurfélaginu eru 7,8% hærri en árið á undan sem skýrist fyrst og fremst af aukinni

heitavatnssölu í takt við kalt árferði. Aðrir tekjuliðir eru sambærilegir árinu á undan og í samræmi við áætlanir. Rekstrargjöld án afskrifta lækkuðu á milli ára um 2,2%.

Eins og fram kemur í skýrslu forstjóra varð hagnaður ársins 2015 mun meiri en áætlanir gerðu ráð fyrir sem skýrist af uppgreiðslu Landsvirkjunar á lánssamningi sem gerður var þegar Norðurorka seldi hlut sinn í Þeistareykjum ehf. á árinu 2009. Jafnframt er grunnafkoma félagsins mun betri en áætlað var. Þar munar mestu um auknar tekjur hitaveitu sökum kalds árferðis. Afkoma Norðurorku hefur verið stöðug og góð undanfarin ár. Fjárhagsstaða félagsins er einnig mjög sterk með 63,4% eiginfjárlutfall.

Fjárfest var á árinu fyrir 806 milljónir króna í varanlegum rekstrarfjármunum samanborið við 456 milljónir króna árið áður. Áætlun gerði ráð fyrir fjárfestingum upp á 899 milljónir króna en hluta verkefna var frestað en á móti komu önnur verkefni til framkvæmda. Fjárfestingaráætlun félagsins til næstu ára er metnaðarfull og mörg stór verkefni framundan, sérstaklega í hitaveitu og fráveitu.

Árleg greiðslubyrði lána næstu ára er í ágætu samræmi við greiðslugetu félagsins en stór hluti skulda kemur þó til uppgreiðslu í lok árs 2018 sem kallar á endurfjármögnun.

## Samtök, dóttur- og hlutdeildarfélag

Norðurorka er aðili að SAMORKU, samtökum orku- og veitufyrirtækja og í gegnum þau aðili að Samtökum atvinnulífsins. Stjórn SAMORKU ákvað á árinu að endurskoða stefnu samtakanna og stofnaði í því skyni vinnuhóp sem í sátu fulltrúar aðildarfélaganna þar á meðal Norðurorku. Meðal áhersluatriða var að efla samtökin og getu þeirra til að vera öflugur málsvari orku- og veitufyrirtækja með því að miðla greinargóðum upplýsingum til allra aðila í samfélaginu, almennings, fyrirtækja og stjórnvalda. Ákveðið var að ráða tvo nýja starfsmenn sem sinna annars vegar kynningar- og

upplýsingamálum og hins vegar tölfræði- og greiningarvinnu. Þá var tekin ákvörðun um að flytja skrifstofur samtakanna í Hús atvinnulífsins í Borgartúni. Í kjölfar lagabreytinga samtakanna eru raforkuframleiðendur nú beinir aðilar að samtökunum í stað þess að móðurfélög þeirra voru það ein áður.

**Fallorka ehf.** er dótturfélag Norðurorku og hefur með höndum framleiðslu og sölu á raforku til viðskiptavina um land allt. Framleiðsla virkjana í Djúpadal var 17,7 GWst. Sala á forgangsorku nam 178 GWst. Tekjur Fallorku námu 820 milljónum króna á árinu og hagnaður fyrir afskriftir var 82 milljónir króna. Hagnaður ársins var 28 milljónir króna og veltufé frá rekstri 70 milljónir króna. Samið hefur verið um kaup á vél- og rafbúnaði ásamt þrýstipípu fyrir nýja virkjun Fallorku í Clerá á Clerárdal og er ráðgert að hún verði gangsett seinni hluta ársins 2017.

Í samvinnu við Akureyrarbæ var á árinu tekin ákvörðun um að stofna fyrirtækið **Vistorku ehf.** Fyrirtækið er eins manns verkefnastofa og er ætlað að vinna að „grænum“ lausnum í nærsamfélaginu jafnframt því að hvetja almennung og fyrirtæki til aukinnar „grænnar“ hugsunar. Fyrirtækið er dótturfyrirtæki Norðurorku og hugsað sem tilraunaverkefni í tæp tvö ár.

**Tengir hf.** er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. og er eignarhluti okkar tæplega 40% á móti GBP ehf. sem á rúm 60%. Fyrstu árin var einkum unnið að ljósleiðaravæðingu Akureyrar og hin síðari ár einnig í nágrannasveitarfélögunum. Stór hluti af verkefnum ársins 2015 var sem fyrr að leggja ljósleiðara í sveitarfélög á Norðurlandi. Þessi ljósleiðaranet eru ýmist í eigu viðkomandi sveitarfélags og Tengir sér um rekstur þeirra eða að Tengir á og rekur þau. Lagður var ljósleiðari í Dalvíkurbyggð, Eyjafjarðarsveit og Hörgársveit. Á Akureyri hefur hægt á uppbyggingu ljósleiðaranetsins meðal annars sökum þess að erfitt er að finna hentugar lagnaleiðir í elstu hverfum bæjarins. Tengir hefur





Vinnusvæði hitaveitu í Hrísey

vaxið hratt og mikil eftirspurn er eftir þjónustu fyrirtækisins jafnt í þéttbýli og dreifbýli. Á árinu 2015 var hlutfé félagsins aukið um 50 milljónir króna til að mæta mikilli fjárfestingarþörf. Að auki lánuðu eigendur fyrirtækinu 50 milljónir króna með lánsamningi til 10 ára. Hagnaður félagsins fyrir skatta var rúmar fimmtán milljónir króna, sem er mjög vel ásætlanlegt í ljósi mikillar uppbyggingar.

**NORAK ehf.** er hlutdeildarfélag Norðurorku hf. en félagið á og rekur spennistöð við álþynnuverksmiðju Becromal í Krossanesi. Þar eru fjórir spennar sem sjá um að spenna niður raforku sem kemur frá aðveitustöð Landsnets við Rangárvelli. Norðurorka hf., Rafeyri ehf. og Orkuvirki ehf. eru stofnendur félagsins og eiga það að jöfnu. Reksturinn gekk vel

á árinu 2015 og er von okkar að félagið hafi náð að vinna bug á þeim tæknivandamálum sem upp komu á fyrri árum. Á árinu 2015 var áfram unnið að endurbótum og breytingum á rafbúnaði spennivirkisins í takt við ráðleggingar frá framleiðanda hans. Endurbótunum er að mestu lokið en enn á eftir að koma upp fóstum mælabúnaði til að fylgjast með rafmagnsgæðum og samspili spennistöðvarinnar við búnað í verksmiðju Becromal. Í ljósi góðrar fjárhagsstöðu félagsins var sú ákvörðun tekin á aðalfundi þess 2016 að greiða eigendum arð að upphæð 150.000 evrur.

**Hrafnabjargavirkjun ehf.** er að 48,75% hlut í eigu Norðurorku, 48,75% hlut í eigu Orkuveitu Húsavíkur og 2,5% eru í eigu Atvinnuefingar


Þingeyjarsýslu. Áfram er unnið að rannsóknnum í samstarfi við Landsvirkjun á efra vatnasvæði Skjálfandafljóts. Eins og áður hefur komið fram voru fjórir mögulegir virkjunarkostir sendir inn í rammaáætlun þrjú á árinu 2014 og er að vænta niðurstöðu um mitt ár 2016.

Norðurorka er hluthafi í félaginu **Íslensk orka hf.** en félagið heldur utan um jarðhitaréttindi, borholur og rannsóknir á jarðhitakerfum í Öxarfirði. Ekki hafa orðið breytingar á rekstri félagsins milli ára en segja má að verkefnið sé í biðstöðu. Mat stjórnar Íslenskrar orku er að enn sé mögulegt að markaðssetja heitt vatn af svæðinu til iðnaðarframleiðslu komi fram áhugasamir aðilar um nýtingu og rekstur. Þá kunna möguleikar á raforkuframleiðslu


ORKUNOTKUN, ORKUÞÖRF OG ORKUMÁTTUR HITAVEITU NORÐURORKU.




ÍSOR



## KALDAVATNSÖFLUN



## KALDAVATNSÖFLUN ÞRÓUN 1995 - 2015



Frá afhendingu styrkja til samfélagsverkefna 2016

einnig að opnast með frekari þróun á búnaði til framleiðslu rafmagns úr lághita. Á árinu 2015 var kallað inn aukið hlutfé í félaginu í því skyni að ganga betur frá borholum og búnaði sem legið hefur undir skemmdum og verið ábótavant um margt.

Norðurorka á 7,7% hlut í **Netorku ehf.** sem er reiknistofa orkufyrirtækjanna og annast meðferð gagna vegna solumála raforku.

Norðurorka á um 27% hlut í **Orkey ehf.** sem rekur litla lífdísilverksmiðju við Njarðarnes á Akureyri. Lífdísill er unninn úr innlendu hráefni, svo sem notaðri steikingarfeiti, fituafskurði og aukaafurðum frá lýsisframleiðslu. Félagið hefur átt erfitt uppdráttar og er að mörgu leyti á undan sinni samtíð. Á árinu 2015 var hlutfé aukið í félaginu og varð það úr að Norðurorka jók sinn hlut umfram aðra hluthafa. Fyrirtækið er á réttri leið og standa vonir til að rekstur þess á árinu 2015 verði nokkurn veginn í jafnvægi. Framtíð fyrirtækisins er þó óljós og ljóst að auka þarf söfnun hráefnis til vinnslu sem og gæði framleiðslunnar til þess að hún standist staðla. Mat Norðurorku og annarra eigenda er þó að halda fyrirtækinu í rekstri og bæta það.

**GPO ehf.** er lítið þróunarfyrirtæki sem vinnur að framleiðslu á olíu úr plastúrgangi. Framleiðslan hófst á árinu en hefur gengið erfiðlega þar sem mikið hefur verið um bilanir á nýjum sértækum framleiðslubúnaði félagsins. Vonast er til að félagið komist í gegnum byrjunarörðugleika og ná markmiðum sínum.

## Rannsóknir

Rannsóknir eru veigamikill þáttur í starfsemi Norðurorku en þær eru að stærstum hluta unnar í samstarfi við Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR. Rannsóknir byggja annars vegar á því að fylgjast vel með þeim auðlindum sem verið er að nýta hverju sinni en hins vegar á að huga að mögulegum framtíðarvinnslusvæðum.

Í hitaveitunni er áfram unnið að rannsóknnum á Laugalands- og Hrafnagilssvæðinu. Þar er talin

von um meira vatn auk þess sem upphaflegir innviðir fyrirtækisins á svæðinu eru vannýttir sem skapar eðli málsins samkvæmt heilmikil tækifæri. Sumarið 2016 er áætlað að bora út eldri borholur á Botni og Hrafnagili en í þeim sitja ýmsir aðskotahlutir frá fyrri árum meðal annars partar úr dælu sem hrundi í holunni. Samhliða er áætlað að dýpka báðar holurnar enda sýna rannsóknir, meðal annars myndataka í holunum, að það geti verið álitlegur kostur. Þó kann svo að fara að ákvörðunin verði að bora nýja vinnsluholu á svæðinu þar sem það er talið áhættuminna en útboranir og dýpkun eldri hola.

Rannsóknir við Sigtún hafa verið teknar upp með það í huga að bora þar nýja vinnsluholu en árið 2000 var boruð þar hola sem hrundi saman í erfiðum jarðlögum og hætt var við frekari rannsóknir og vinnslu að sinni.

Um nokkurt skeið hafa verið í gangi samningaviðræður við eigendur jarðhitaréttinda í sunnanverðri Dalvíkurbyggð. Umrædd jarðhitaréttindi eru í landi Syðri-Haga, Ytri-Haga, Ytri-Víkur, Víkurbakka og Sólbakka. Lokið er samningum við eigendur Ytri-Víkur um kaup á jarðhitaréttindum, rannsóknnum sem þeir létu gera og á hitaveitu sem komið hefur verið upp á svæðinu. Í framhaldinu verður svæðið rannsakað

frekar en að mati ÍSOR er svæðið lofandi til framtíðarnýtingar þó að hún geti verið vandasöm vegna nálægðar við sjó.

Áherslan í rannsóknnum mun enn um sinn verða á jarðhitasvæðin í Eyjafjarðarsveit en náist ekki árangur þar flytjast áherslurnar út með firði. Samhliða þessu verður Vaðlaheiðin rannsökuð þótt þar sé um margt erfitt að hrinda rannsóknaráætlun í framkvæmd. Byggir það á því að erfitt er að styðjast við rannsóknarmódel sem fyrst og fremst byggja á rannsókn dalbotna og hlíða en ekki uppi á fjöllum ef svo má segja. Þetta leiðir til þess að endurhanna þarf rannsóknarmódelin.

Í kjölfar rannsókna á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði sumarið 2014 var boruð ný vinnsluhola þar. Gekk sú borun mjög vel og kemur nýja holan í stað eldri holu sem vandræði hafa verið með vegna hruns og kaldavatnsstreymis inn í holuna sem leiddi til súrefnisvandræða í vatninu.

Í vatnsveitunni hafa rannsóknir einkum beinst að fjallalindum og þá helst Grísarárbotnum ofan Kristness í Eyjafirði. Fyrstu mælingar bentu til að Grísarárbotnar, sem eru nú í magnmælingum, þriðja árið í röð, væru gjöfuleir en niðurstöður úr ítarlegum mælingum liðinn vetur benda til að vatnsbólín séu mun afkastaminni en áður var talið.



Unnið við endurnýjun heimæðar - samskeytum lokað

## Metanframleiðsla

Metanframleiðsla hófst í ágústlok árið 2014 þannig að árið 2015 er fyrsta heila árið í metansölu. Til að byrja með virtist salan vera í takt við væntingar en vöxturinn var síðan heldur minni en áætlað var. Þetta breyttist þó þegar leið á árið og salan jókst heldur þrátt fyrir að verð á jarðefnaeldsneyti sé nú í lágmarki miðað við undanfarin ár. Svo virðist sem ákveðnari markaðssetning á metanbílum og hagstætt verð þeirra hafi veruleg áhrif til batnaðar.

Í upphafi var tekin ákvörðun um að Norðurorka yrði ekki smásali á metani heldur framleiðandi og heildsali og því samið við Olís um smásöluna. Í umræddum samningi skuldbindur Olís sig til greiðslu á ákveðnu magni óháð raunsölu. Það eru því gríðarmiklir hagsmunir í húfi fyrir báða aðila að salan aukist, og ekki síst fyrir umhverfið því hauggas er meira en 20 sinnum verra gróðurhúsagás en koltvísýringur.

## Vatnsveitan

Eins og rakið er í kaflanum um gæðamál verður aldrei lögð nógu mikil áhersla á vatnsvernd og að allir virði reglur sem um hana gilda. Okkur hættir til þess að líta á þessa auðlind sem sjálfgefna og að lítið þurfi að hafa fyrir því að koma neyslvatni af bestu gæðum til viðskiptavina.

Íbúar á Svalbarðsströnd fengu að finna fyrir þeim erfiðleikum sem geta

komið upp í rekstri vatnsveitu þegar mælingar á neyslvatnsgæðum sýndu ítrekað að vatnið væri mengaðveturinn 2015. Það versta var að þetta var ekki í fyrsta skipti sem mengun kom upp, en árið áður var einmitt boruð hola í klöpp á vatnsverndarsvæðinu til þess að minnka mengunarhættu af völdum yfirborðsvatns. Þar sem mengunar varð ítrekað vart var gripið til þess ráðs að lýsa allt vatn frá Garðsvíkurlindum með þar til gerðum búnaði sem komið var fyrir í leiguhúsnæði í Sveinbjarnargerði. Samhliða breytingum á aðveituæðinni vegna þessa var farið yfir hana og hún lagfærð á ýmsum stöðum á leiðinni að miðlunargeymi við Sunnuhlíð.

Lýsingarbúnaðurinn í Svalbarðsstrandarveitu kemur vel út og ljóst að hann verður notaður til lengri framtíðar. Sambærilegur búnaður er nýttur í fleiri veitum víða um land og hefur allsstaðar reynst vel. Þetta verkefni er okkur þörf áminning um mikilvægi þess að ganga vel um þessa auðlind og gæta ítrustu varkárni og virða allar reglur sem gilda um vatnsverndarsvæðin. Sérstaka áhersla ber að leggja á að hættur af efnamengun geta verið mun alvarlegri en hættur af gerlamengun sem þrátt fyrir allt er hægt að bregðast við með lýsingu, sem hefur ekkert að segja ef um efnamengun er að ræða. Auk þessara frávíka í Garðsvíkurlindum komu einnig upp

frávik í vatnsveitunni í Hrísey og við Laugaland í Eyjafjarðarsveit en þau vorðu sem betur fer stutt og tókst að komast fyrir vandann.

Eins og undanfarin ár var unnið að endurnýjun eldri heimlagna og að tengingum í nýjum hverfum bæjarins sem og þar sem unnið er að þéttingu byggðar. Akureyrarbær hóf framkvæmdir við nýtt hverfi sunnan Naustahverfis og hefur það hlotið nafnið Hagahverfi. Þetta þýðir að Norðurorka hefur samhliða framkvæmdir við allar sínar veitur á svæðinu. Mjög gott samstarf var með öllum framkvæmdaaðilum við undirbúning og síðan framkvæmdir á svæðinu. Farið var í framkvæmdir við fráveitu og hitaveitu í hesthúshverfinu Breiðholti sem frestað hafði verið á árinu 2014. Samhliða voru gerðar endurbætur á vatnsveitu og rafveitu í hverfinu. Með þessum framkvæmdum batnaði til muna öll þjónusta Norðurorku í hverfinu auk þess sem gæði hverfisins aukast til muna með fullkominni fráveitu og hitaveitu á svæðinu.

Stofnæð vatnsveitu á Svalbarðsströnd milli vatnsgeymis við Sunnuhlíð að greinipunkti ofan við íbúðabyggðina var endurnýjuð og með því jukust afköst veitunnar á Svalbarðseyri nokkuð. Af nýframkvæmdum má einnig nefna nýjar götur í frístundahverfunum við Kjarnaskóg, Götu sólarinnar og í Hálöndum við




Ný traktorsgrafa




Vinnuáætlaður oft erfiðar - endurbætur á hitaveitu


### HITAVEITA - ORKUVINNSLA Á MÁNUÐI



### ÞRÓUN VINNSLU Á HEITU VATNI




### RAFORKA NOTUÐ TIL ÖFLUNAR Á HEITU VATNI






### RAFORKUDREIFING 2015



### ÞRÓUN RAFORKUDREIFINGAR 1992 - 2015



### SAGA RAFORKUDREIFINGAR 1923 - 2015



Hlíðarfjallsveg, Hrafnaland. Þá voru nýframkvæmdir við Kjarnagötu og Jaðarstún í Naustahverfi og vegna þéttingar byggðar við Höfðahlíð.

Alls urðu tólf bilanir á heimlögnum og stofnlögnum á árinu og leiddu fjórar þeirra til tjóns hjá viðskiptavinum. Fjórutíu heimlagirnir voru endurnýjaðar af ýmsum ástæðum, tengt vatn til bráðabirgða að sex vinnusvæðum og í fjórutíu nýbyggingar.

Í apríl varð stór bilun í stofnlögn í Hrafnagilsstræti milli Byggðavegar og Þórunnarstrætis. Þar sem um svera lögn var að ræða og því mikið vatn urðu miklar skemmdir á götunni sem leiddi til þess að skipta þurfti um jarðveg á stórum kafla og malbika Hrafnagilsstrætið allt á milli Byggðavegar og Þórunnarstrætis.

Áætlað hafði verið að fara í endurnýjun á aðveituæðinni frá Hesjuvallalindum í Hlíðarfjalli niður að svæðinu þar sem byggja á nýjan miðlunargeymi við svo nefndan Torfdal. Efniskaup í þessa lögn voru því boðin út og í framhaldinu gerður samningur um kaup á 1.000 metra fíberglasþípu.

### Hítaveitan

Mörg stór verkefni voru í hitaveitunni á árinu, jafnt endurbætur sem nýframkvæmdir. Í framtíðaráætlunum er tekið mið af því að dreifikerfið er að eldast sem kallar á að því sé sinnt sérstaklega, ekki síst veiku hlekkjunum í því sem sumpart eru barn síns tíma. Tengibrunnar í dreifikerfinu eru dæmi um þetta og því haldið markvisst áfram að skipta þeim út. Sjö brunnar voru fjarlægðir á árinu 2015. Eins og kom fram í kaflanum um vatnsveitu var nokkuð um nýframkvæmdir, í nýju Hagahverfi, við nýjar götur í Naustahverfi og við þéttingu byggðar eins og við Höfðahlíð. Þá voru nýjar götur teknar í notkun í frístundahverfunum við Kjarnaskóg og í Hálöndum við Hlíðarfjallsveg. Sérstaklega ber að nefna Breiðholtíð en lengi hefur verið rætt um að koma hitaveitu í hesthúsahverfið, en samhliða var auðvitað nauðsynlegt að fara í framkvæmdir við fráveitu svo hægt

væri að koma bakrennslisvatni frá hverfinu. Þetta var allstór framkvæmd og gekk hægt á köflum m.a. vegna mikillar klappar á svæðinu. Auk dreifikerfis og heimæða þurfti að koma fyrir dælustöð fyrir hverfið. Mikil ánægja var hjá eigendum hesthúsa með þessa þjónustubót í hverfinu.

Unnið var við endurnýjun gamalla heimlagna og nýjar lagðar, fimm bráðabirgðaheimlagnir voru lagðar að vinnusvæðum og niútiú og sjö til nýrra viðskiptavina og að nýbyggingum (íbúðar-, iðnaðar- og frístundahús). Mikil áhersla er lögð á það við húseigendur sem fara í endurbætur og jarðvegsframkvæmdir við eldri hús að þeir hafi samband við Norðurorku þannig að tækifæri gefist til þess að endurnýja þær heimlagnir sem þörf er á.

Mikil áhersla er lögð á viðhaldsáætlun hitaveitunnar enda mikil áraun á mörgum kerfishlutum. Skipt var um djúpdælu í borholu á Arnarnesi (hola-HJ-20). Stöðvardæla á vinnslusvæðinu á Arnarnesi (Hjalteyri) var stækkuð til að auka afkastagetu og samhliða var rafmagnsheimtaug að henni stækkuð. Þá var lokið frágangi við varaafstöð á Hjalteyri en sú stöð er mikilvægur hlekkur í því að tryggja rekstraröryggi hitaveitunnar. Sett var upp ný dælustöð fyrir bakrásarvatn í kyndistöðinni við Þórunnarstræti og hún tekin í notkun á árinu. Þá var farið í miklar endurbætur á dælustöðinni á vinnslusvæðinu á Laugalandi á Þelamörk þar sem dælur, rafbúnaður og stjórnkerfi voru endurnýjuð.

Vegna vinnu við eystri munna Vaðlaheiðarganga og tilheyrandi vegagerð þurfti að færa stofnæð Reykjaveitu á kaflanum framan við göngin. Í Hörgársveit var lagt nýtt dreifikerfi að sumarhúsabyggð við Arnarnestjörn. Gera þurfti við þó nokkrar bilanir á stofnlögn sem liggur frá borholu á Tjörnum að Laugalandi í Eyjafjarðarsveit sem rekja má til ófullnægjandi frágangs á samsetningum á kápu lagnarinnar í upphafi. Bilanir á heimlögnum voru átta og fjórtán á stofnlögnum og dreifikerfi, tjón á lögnum voru sjö.

Samtals var endurnýjuð tuttugu og ein heimlögn á Akureyri.

Í kaflanum um rannsóknir er fjallað um nýja borholu á Skeggjabrekkudal í Ólafsfirði.

## Rafveitan

Líkt og í öðrum veitum var unnið að endurnýjun heimtauga og nýlögnum hér á Akureyri þar sem rafveitan er eins og fráveitan bundin við Akureyri, ólíkt vatnsveitunni og hitaveitunni. Af nýlögnum ber Hagahverfið hæst en þar þurfti m.a. að leggja háspennustreng frá dreifistöð nr. 32 við Tjarnartún að dreifistöð nr. 33 við nýja götu Nonnahaga. Þá voru lagðar lagnir í nýjar götur í frístundahverfunum við Kjarnaskóg og í Hálöndum. Í Hálöndum var einnig byggð og tekin í notkun ný dreifistöð, nr. 112. Þá var samhliða framkvæmdum við aðrar veitur mikil endurnýjun á dreifikerfi og heimlögnum í hesthúsahverfinu Breiðholti. Þá voru nýframkvæmdir við Kjarnagötu og Jaðarstún í Naustahverfi og vegna þéttingar byggðar við Höfðahlíð.

Í samræmi við stefnumörkun um að koma dreifistöðvum út úr íbúðarhúsnæði var dreifistöð nr. 42 í Stórholti aflögð þegar ný spennistöð nr. 110 við Langholt var tekin í notkun. Í tengslum við þessa framkvæmd var stór hluti lagna í Lyngholti og Stórholti ásamt götukössum endurnýjaður og



Unnið við Götu sólarinnar

spennu breytt í húsum á svæðinu í leiðinni. Hafinn er undirbúningur að flutningi dreifistöðvar við Byggðaveg með undirbúningi á skipulagsbreytingum, nýrri lóð o.fl. Hafa þarf í huga að þessi verkefni eru langtíma verkefni og unnin sem slík.

Í tengslum við stækkun og breytingar á húsnæði Útgerðarfélag Akureyrar var dreifistöð nr. 37 endurbyggð í nýju húsnæði og er allur búnaður nýr, nema sjálfir spennarnir sem nýttir voru áfram. Þá var stór hluti af strengjum að og frá stöðinni endurnýjaður. Í tengslum við þessa framkvæmd var farið í samstarf við ÚA um að setja niður jarðskaut með því að bora holu á svæðinu og tengja húsvæituna og dreifistöðina við þessi skaut.

Áfram er unnið að uppbyggingu dreifikerfisins með það í huga að auka hringtengingar og fara í spennubreytingar. Lagður var háspennustrengur frá dreifistöð nr. 2, við Spítalaveg, hluta af leiðinni að dreifistöð nr. 3 við Hafnarstræti. Þá er unnið að endurnýjun kerfisins með það að markmiði að hægt verði að fara í spennubreytingar í Klappar-

stíg, Brekkugötu, Hafnarstræti, Aðalstræti, Möðruvallastræti, Lögbergsgötu, Lyngholti, Stórholti og hesthúshverfinu Breiðholti. Unnið var að hefðbundnum skoðunum og úrbótum á dreifistöðvum í samræmi við reglur Mannvirkjastofnunar og gæðakerfi Norðurorku.

Til þess að auka fjölbreytni í störfum rafvirkja hjá Norðurorku var tekin ákvörðun um að rafveituverkstæði félagsins sinnti jöfnum höndum rafveitunni og þar með háspennu, en einnig þjónustu við rafmagnskerfi annarra veitna, þ.e. vatnsveitu, hitaveitu og fráveitu. Hér er þá vísað til dælustöðva, varaafis o.fl. Þannig áttu rafvirkjar Norðurorku stóra hlutdeild í endurnýjun á dælustöðvum í hitaveitu sem um er getið hér að framan, þ.e. á Arnarnesi, Þelamörk og Þórunnarstræti enda þarf í þessu sambandi að setja upp nýja töflukassa, töflur, stýrikerfi, tölvukerfi og lagnakerfi.

Tengdar heimtaugar í húsnæði voru þrjátíu og þrjár en tuttugu og fjórar í götukassa Mílu í tengslum við endurbætur á dreifikerfi símans. Tjón á rafstrengjum voru sex á árinu.

Sex spennistöðvar voru sérstaklega skoðaðar í kerfinu í tengslum við endurnýjun lagna í eldri hverfum. Þar sem dreifistöðvar eru á annað hundrað í kerfinu er mikilvægt að þær fái reglubundið viðhald. Sett voru ný ljós í átta stöðvar og tíu voru málaðar að innan. Þrátt fyrir að götulýsing sé nú komin í umsjón Akureyrarbæjar tekur Norðurorka að sér ýmis verkefni í tengslum við þau og þar með talið er ábyrgðarmaður rafveitu Norðurorku einnig ábyrgðarmaður götuljósakerfisins sem í báðum tilvikum er lögskylt að hafa. Í tengslum við þetta voru götuljós skoðuð og lagfærð út frá sex dreifistöðum.

### Fráveitan


Óhætt er að fullyrða að reynslan af sameiningu fráveitu Akureyrar við Norðurorku er góð. Hún hefur bæði tekist vel og gefist vel. Einnig er ljóst að Norðurorka er mjög vel í stakk búin til þess að vinna að framtíðaruppbyggingu fráveitunnar, þar með talið byggingu nýrrar hreinsistöðvar við Sandgerðisbót. Undirbúningur og hönnun stöðvarinnar hefur gengið vel og allt



bendir til þess að hún verði tilbúin árið 2018. Þá hefur verið unnið að rennislismælingum í kerfinu sem einnig eru nauðsynlegar til þess að leggja grunn að ákvörðun svonefndra persónueininga, þ.e. því magni lífrænna efna sem fráveitan skilar í viðtakann Eyjafjörð.

Unnið hefur verið að hönnun á fráveitunni í kringum Krókeyri með það að markmiði að hún uppfylli kröfur til nútíma fráveitu. Farið var í breytingar á þrýstilögnum við dælustöðina við Silfurtanga með það að markmiði að bæta nýtingu stöðvarinnar. Þá var dælustöð við Jaðarsíðu lögð af í kjölfar þess að fráveitulögn frá götunni var færð á rétta dýpt, en hún hafði til bráðabirgða verið sett hærra í landið en lokahönnun gerði ráð fyrir. Nýlagnir voru eins og áður er komið fram í nýju Hagahverfi, í nýjum götum í Naustahverfi, í frístundahverfunum við Kjarnaskóg og Hálönd. Þá voru nýlagnir frá Lönguhlíð vegna nýs raðhúss í Höfðahlíð og tvær fráveitulagnir frá húsum í götunni endurnýjaðar í leiðinni. Ný fráveita í Breiðholti var tekin í notkun ásamt

## AFLTÖPPAR FORGANGS ORKULANDSNETS



dælustöð fyrir hluta kerfisins.

Unnið var að frumhönnun og kostnaðaráætlun vegna fráveitu í Grímsey og hönnun á framlengingu á lögn fyrir yfirborðsvatn við svæði siglingaklúbbsins Nökkva. Keypt var lagnamyndavél til þess að auðvelda bilanaleit og eftirlit í fráveitunni. Þá var áfram unnið að endurbótum á stjórnkerfi veitunnar. Viðgerðir og endurbætur í kerfinu eru að jafnaði þó nokkuð stór þáttur í rekstri hvers árs. Áfram var unnið að hreinsunum í kerfinu á árinu 2015 og nú farið í Innbæinn, Holtahverfi og Óseyri.

aðgengilegt í gegnum heimasíðu Norðurorku [www.no.is](http://www.no.is) eða beint á slóðina [www.map.is/no](http://www.map.is/no). Á vefsvæðinu má sjá legu lagna allra veitna Norðurorku og vatnsverndarsvæði vatnsveitna félagsins. Þrátt fyrir að þarna sé um gagnlegar upplýsingar að ræða er á það lögð áhersla að sé ætlunin að fara í framkvæmdir við eða nærri lögnum Norðurorku verður að afla fullkominna upplýsinga á teiknistofu Norðurorku áður en þær eru hafnar og eftir atvikum að fá nauðsynleg leyfi hjá Akureyrarbæ og Norðurorku.



### Landupplýsingakerfi

Stór þáttur í rekstri veitna Norðurorku er skráning upplýsinga um veitukerfin og þar með talið um legu og aldur lagnakerfisins, dælur, tengiskápa o.s.frv. Mikil vinna hefur verið lögð í það á undanförunum árum að færa allar teikningar í rafrænt form og stórir áfangar náðst í þeim efnunum því stærstur hluti af vatnsveitu, rafveitu og hitaveitu er nú skráður með staðfestum GPS punktum í landupplýsingakerfi Norðurorku. Þá hefur markvisst verið unnið að innfærslu á fráveitukerfinu þannig að það verði í sama formi og aðrar veitur í kerfinu.

Auk þess að landupplýsingakerfið þjóni rekstri, viðhaldi og endurnýjun veitukerfanna hefur jafnframt verið opnaður takmarkaður aðgangur að því á opnu vefsvæði. Vefsvæðið er

### Tæki og búnaður

Regluleg endurnýjun tækja og búnaðar er mikilvæg í rekstri Norðurorku sem og að taka í notkun nýja tækni þegar við á. Markvisst hefur verið unnið að því að fjölga metanbílum í rekstrinum. Á árinu var keyptur nýr Suzuki Swift metanbíll og eru þeir þá orðnir sex í flota Norðurorku. Erfitt hefur reynt að fá fjórhjóladrifna metanbíla af hæfilegri stærð frá framleiðendum og það nokkuð hamlað fjölgun metanbíla í rekstrinum. Keyptur var nýr Scania vörubíll á árinu og annar eldri seldur í staðinn. Þá var keyptur VW Transporter bíll með krana fyrir fráveituna og skotbómulyftari fyrir lager endurnýjaður.





## ÁRSREIKNINGUR SAMSTÆÐUNNAR 2015

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra	22
Áritun óháðs endurskoðanda	23
Rekstrarreikningur	24
Efnahagsreikningur	25
Sjóðstreymisyfirlit	26
Skýringar	27

## Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Norðurorka hf. er veitufyrirtæki sem vinnur og selur heitt og kalt vatn á Akureyri og nágrenni og rekur fráveitu og raforkudreifingu á Akureyri. Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðureikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf.

Árið 2009 seldi Norðurorka hlut sinn í Þeistareykjum ehf. til Landsvirkjunar. Hluti kaupsamnings var skilyrtur lánsamningur. Skilyrðin lutu að því að hluti kaupverðsins kæmi því aðeins til greiðslu að Þeistareykjasvæðið yrði virkjað og nýtt fyrir ákveðin tímamörk. Landsvirkjun mat skilyrðin fram komin og nýtti sér heimildarákvæði í lánsamningi með uppgreiðslu hans að fjárhæð 951 milljón króna.

Norðurorka hefur ekki fært ofangreindan lánsamning til tekna í bókum félagsins sökum óvissu um nýtingu svæðisins og hefur þess verið getið í skýringum með ársreikningi liðinna ára. Samhliða ofangreindu uppgjöri ákvað Landsvirkjun einnig að greiða upp skuldabréf í USD og jókst lausafé Norðurorku þannig umtalsvert.

Framundan er mikil uppbygging í innviðum veitukerfa Norðurorku, sér í lagi í hitaveitu og fráveitu. Ítrekað hefur reynt á afkastagetu hitaveitunnar yfir köldustu vetrardagana. Mikilvægt er að framtíðarsýn og fjárfestingaáætlanir félagsins taki mið af rekstraröryggi veitukerfanna. Í fráveitunni stýttist í merkan áfanga með byggingu hreinsistöðvarinnar við Sandgerðisbót og brýnt að henni verði lokið fyrir árslok 2018. Lán að fjárhæð 2.123 milljónir kr. vegna kaupa á fráveitu kemur til greiðslu árið 2018.

Hagnaður varð af rekstri samstæðunnar á árinu 2015 að fjárhæð 1.591 milljón króna. Bókfært eigið fé samstæðunnar í árslok nam 8.093 milljónum króna samkvæmt efnahagsreikningi.

Hlutafé í árslok nam 846,7 milljónum kr. Hluthafar félagsins í árslok voru sex eins og í ársbyrjun. Eignarhlutdeild þeirra greinist þannig:

	Kennitala	Nafnverð	Hlutdeild
Akureyrarkaupstaður .....	410169-6229	832.000.000	98,27%
Hörgársveit .....	510101-3830	6.740.685	0,80%
Svalbarðsstrandarhreppur .....	640269-2279	3.844.886	0,45%
Grýtubakkahreppur .....	580169-2019	1.538.462	0,18%
Þingeyjarsveit .....	590602-2640	1.538.462	0,18%
Eyjafjarðarsveit .....	410191-2029	1.000.000	0,12%

Stjórn félagsins leggur til að greiddur verði 35% arður til hluthafa á árinu 2015, en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn og forstjóri Norðurorku hf. hafa í dag rætt ársreikning samstæðunnar fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og forstjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Akureyri, 17. mars 2016.

Stjórn

*Jón K. Atan*

*Þóttbjörg Jóhanna*  
*Edward H. Atan*

*Zingibjörg Þakwer*  
*Njáll Trausti Fríðbertsson*

Forstjóri

*Helgi Johannsson*

# Áritun óháðs endurskoðanda

## Til stjórnar og hluthafa Norðurorku hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning samstæðu Norðurorku hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningsskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu samstæðunnar á árinu 2015, efnahag hennar 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Við staðfestum einnig í samræmi við ákvæði 104. gr. laga nr. 3 2006 um ársreikninga að skýrsla stjórnar hafi að geyma þær upplýsingar, komi þær ekki fram annars staðar í ársreikningnum, sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga.

Akureyri 21. mars 2016.

Enor ehf.

Davíð Búi Halldórsson  
löggiltur endurskoðandi



## Rekstrarreikningur ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrartekjur</b>			
Sala .....	3	3.276.397	2.925.714
<b>Rekstrargjöld</b>			
Orkukaup .....		770.891	532.076
Laun og launatengd gjöld .....	4	460.923	433.938
Annar rekstrarkostnaður .....		648.160	705.824
Afskriftir .....	8,9	453.095	429.018
		<u>2.333.068</u>	<u>2.100.856</u>
<b>Rekstrarhagnaður .....</b>		943.329	824.858
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	5	767.654	(104.993)
Áhrif hlutdeildarféлага .....	11	9.209	11.380
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....		1.720.193	731.245
Tekjuskattur .....	6,17	(129.465)	(69.349)
<b>Hagnaður ársins .....</b>		<u>1.590.728</u>	<u>661.896</u>
Hagnaður á hlut .....	7	1,88	0,78

## Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	31.12.2015	31.12.2014
<b>Eignir</b>			
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	8	10.031.082	9.641.759
Óefnislegar eignir .....	9	75.334	103.995
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum .....	11	209.712	195.706
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	12	19.831	22.316
Verðbréfaeign .....	13	17.285	696.300
Fastafjármunir samtals		<u>10.353.243</u>	<u>10.660.075</u>
Birgðir .....		137.420	97.533
Viðskiptakröfur .....	14	288.145	252.178
Kröfur á tengda aðila .....	19	126.808	243.090
Aðrar skammtímakröfur .....		8.584	3.993
Handbært fé .....	15	2.161.185	513.403
Veltufjármunir samtals		<u>2.722.142</u>	<u>1.110.198</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>13.075.385</u></u>	<u><u>11.770.273</u></u>
<b>Eigið fé</b>			
Hlutfé .....		846.662	846.662
Yfirverðsreikningur hlutfjár .....		268.225	268.225
Endurmatsreikningur .....		1.452.589	1.556.708
Þýðingarmunur vegna hlutdeildarfélags .....		(4.514)	2.772
Óráðstafað eigið fé .....		5.530.002	3.962.154
Eigið fé samtals	16	<u>8.092.964</u>	<u>6.636.521</u>
<b>Skuldir</b>			
Tekjuskattsskuldbinding .....	17	114.950	85.343
Vaxtaberandi langtímaskuldir .....	18	4.071.851	4.333.707
Langtímaskuldir samtals		<u>4.186.801</u>	<u>4.419.051</u>
Viðskiptaskuldir .....		192.936	151.202
Skuldir við tengda aðila .....	19	15.578	4.833
Næsta árs afborganir langtímaskulda .....	18	324.066	398.132
Tekjuskattur til greiðslu .....	17	99.858	305
Aðrar skammtímaskuldir .....		163.181	160.229
Skammtímaskuldir samtals		<u>795.620</u>	<u>714.702</u>
Skuldir samtals		<u>4.982.421</u>	<u>5.133.752</u>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		<u><u>13.075.385</u></u>	<u><u>11.770.273</u></u>

## Sjóðstreymi ársins 2015

	Skýr.	2015	2014
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
Hagnaður ársins .....	16	1.590.728	661.896
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður eigna .....		(5.011)	0
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum .....		(703.380)	9.015
Afskriftir .....	8,9	453.095	429.018
Verðbætur og gengismunur langtímakrafna og skulda .....		34.165	(44.768)
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	11	(9.209)	(11.380)
Tekjuskattsskuldbinding, breyting .....		29.607	48.911
Veltufé frá rekstri		<u>1.389.995</u>	<u>1.092.692</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Birgðir, (hækkun) lækkun .....		(39.886)	2.115
Skammtímafröfur, (hækkun) lækkun .....		(51.351)	54.186
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) .....		154.984	(61.736)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		<u>63.746</u>	<u>(5.435)</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>1.453.742</u>	<u>1.087.257</u>
<b>Fjárfestingahreyfingar</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	8	(814.497)	(456.705)
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....		5.750	0
Fjárfesting í eignarhlutum í hlutdeildarfélögum .....		(19.205)	0
Arður frá hlutdeildarfélagi .....		7.123	0
Fjárfesting í eignarhlutum í öðrum félögum .....		(4.515)	(8.063)
Söluverð eignarhluta í félögum .....		710.380	0
Ný skuldabréfalán .....		(19.205)	0
Afborgun skuldabréfa .....		710.380	0
Kröfur á tengda aðila, breyting .....		127.076	(161.294)
Fjárfestingahreyfingar		<u>703.286</u>	<u>(626.061)</u>
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
Arður til hluthafa .....	16	(126.999)	(126.999)
Afborganir langtímalána .....		(382.247)	(395.630)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(509.247)</u>	<u>(522.629)</u>
<b>Hækkun (lækkun) á handbæru fé .....</b>		1.647.781	(61.434)
Handbært fé í ársbyrjun .....		513.403	574.837
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		<u>2.161.185</u>	<u>513.403</u>
<b>Aðrar upplýsingar</b>			
Innborgaðar vaxtatekjur .....		309.987	60.560
Greiddir vextir .....		(226.996)	(216.154)
Greiddir skattar .....		(20.438)	(15.736)

# Skýringar

## 1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Norðurorku hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og dótturfélags þess, Fallorku ehf. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðuársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum að því undanskildu að hluti varanlegra rekstrarfjármuna hefur verið endurmetinn til gangvirðis á endurmatsdegi að frádregnum endurmetnum afskriftum frá þeim tíma sem eignanna var aflað. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og eru fjárhæðir birtar í þúsundum króna.

Dótturfélag er það félag þar sem félagið fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar félagið hefur veruleg áhrif, bein eða óbein, til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu dótturfélags. Ársreikningur dótturfélagsins er innifalinn í samstæðureikningi félagsins frá því að yfirráð hefjast og þar til þeim lýkur.

Stöður milli samstæðufélaga, viðskipti og óinnleystur hagnaður sem myndast hefur af viðskiptum milli þeirra eru felld út í samstæðureikningnum.

Hlutdeildarfélag er það félag þar sem samstæðan hefur veruleg áhrif á fjárhags- og rekstrarstefnu, en ekki yfirráð. Samstæðureikningurinn inniheldur hlutdeild samstæðunnar í afkomu hlutdeildarfélags frá upphafi áhrifa til loka þeirra. Verði hlutdeild samstæðunnar í tapi hærrí en bókfært verð hlutdeildarfélagsins er bókfærða verðið fært í núll og færslu frekara taps er hætt nema félagið hafi gengist í ábyrgðir fyrir hlutdeildarfélagið eða fjármagnað það.

## 2. Reikningsskilaaðferðir

### a. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í árslok 2015. Gengismunur á höfuðstól eigna og skulda er færður í rekstrarreikning.

### b. Innlausn tekna

Tekjur af sölu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

Tengigjöld notenda eru tekjufærð að fullu í rekstrarreikningi ársins þar sem þau eru óverulegur hluti heildartekna.

### c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir, aðrir en veitukerfi og fasteignir, eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.

Veitukerfi og fasteignir eru skráð á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum. Allar verðhækkningar vegna þessa eru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eiginfjár að teknu tilliti til áhrifa á tekjuskattsskuldbindingu. Afskriftir af endurmetnu verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Innlausn endurmats vegna afskrifta er færð af sérstökum endurmatsreikningi á óráðstafað eigið fé að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Við sölu eða niðurlagningu eigna er sá hluti endurmatsreiknings sem tilheyrir þeirri eign færður á óráðstafað eigið fé.

Endurmat veitukerfa og fasteigna var síðast framkvæmt í árslok 2009.

### d. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru viðskiptavild vegna mismunar á kaupverði veitufyrirtækja og matsverði varanlegra rekstrarfjármuna þeirra. Óefnislegar eignir eru gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

### e. Dótturfélög

Eignarhlutur í dótturfélagi er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þess, að teknu tilliti til mismunar á upphaflegu kaupverði og hlutdeild í eigin fé þess við kaup. Yfirverð er fært sem aðrar óefnislegar eignir og þær gjaldfærðar á tíu til tuttugu árum.

## Skýringar

f. *Hlutdeildarfélög*

Eignarhlutir félagsins í hlutdeildarfélögum eru færðir til eignar á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra að teknu tilliti til upphaflegs kaupverðs.

g. *Eignarhlutir í öðrum félögum*

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kaupverði að frádreginni niðurfærslu.

h. *Birgðir*

Rekstrarvörubirgðir eru metnar á innkaupsverði.

i. *Viðskiptakröfur*

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti niðurfærslu. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda til að mæta mögulegri tapsáhættu ef kröfur reynast ekki innheimtanlegar.

j. *Handbært fé*

Sjóður, bankainnstæður og markaðsverðbréf teljast til handbærs fjár.

k. *Virðisrýmun*

Bókfært verð eigna félagsins er yfirfarið á hverjum uppgjörssdegi til að meta hvort vísbendingar séu um virðisrýmun þeirra. Sé einhver slík vísbending til staðar er endurheimtanleg fjárhæð eignanna metin.

Virðisrýmun er gjaldfærð þegar bókfært verð eignar eða fjárskapandi einingar er hærra en endurheimtanleg fjárhæð hennar. Fjárskapandi eining er minnsti aðgreinanlegi hópur eigna sem myndar sjóðstreymi sem er að mestu leyti óháð öðrum eignum eða hópum eigna. Virðisrýmun fjárskapandi eininga er fyrst færð til lækkunar á tilheyrandi viðskiptavild en síðan til hlutfallslegrar lækkunar á bókfærðu verði annarra eigna sem tilheyra einingunni.

Endurheimtanleg fjárhæð eignar og fjárskapandi einingar er hreint gangvirði þeirra eða nýtingarvirði, hvort sem hærra reynist. Nýtingarvirði er áætlað framtíðarsjóðstreymi, sem er núvirt með vöxtum fyrir skatta, þar sem vextirnir endurspeglar mat markaðarins á tímavirði peninga hverju sinni og þá áhættu sem fylgir eigninni.

Virðisrýmun viðskiptavildar er ekki bakfærð. Virðisrýmun fyrri tímabila vegna annarra eigna er metin á hverjum uppgjörssdegi til að kanna hvort vísbendingar séu um að rýmunin hafi minnkað eða horfið. Virðisrýmun er bakfærð ef breyting hefur orðið á mati sem notað var við útreikning á endurheimtanlegri fjárhæð. Virðisrýmun er einungis bakfærð að því marki að bókfært verð eignar sé ekki umfram það sem verið hefði ef engin virðisrýmun hefði verið færð.

l. *Tekjuskattur*

Tekjuskattur af afkomu samanstendur af tekjuskatti til greiðslu vegna ársins og frestuðum tekjuskatti. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning nema þegar hann varðar liði sem eru færðir beint á eigið fé, en í þeim tilvikum er tekjuskatturinn færður á eigið fé.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður tekjuskattur sem greiða skal vegna skattskyldra tekna ársins, miðað við gildandi skatthlutfall á uppgjörssdegi. Rekstur vatns- og fráveitu er ekki tekjuskattsskyldur.

Frestaður tekjuskattur er færður í samræmi við efnahagsskuldbindingaraðferðina vegna tímabundinna mismuna á bókfærðu verði eigna og skulda í ársreikningnum annars vegar og samkvæmt skattverði þeirra hins vegar. Fjárhæð frestaðs tekjuskatts er byggð á áætlaðri innlausn eða uppgjöri bókfærðs verðs eigna og skulda, með því að beita gildandi skatthlutfalli á uppgjörssdegi.

## Skýringar

### 3. Sala

Sala félagsins greinist þannig eftir starfspáttum:	2015	2014
Tekjur hitaveitukerfis .....	1.160.940	1.033.306
Tekjur vatnsveitukerfis .....	337.730	327.220
Tekjur rafveitukerfis .....	1.342.144	1.169.746
Tekjur fráveitukerfis .....	356.549	331.590
Metangas .....	5.409	1.426
Aðrar tekjur .....	73.626	62.426
	<u>3.276.397</u>	<u>2.925.714</u>

### 4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2015	2014
Laun .....	435.400	383.796
Launatengd gjöld .....	117.385	106.709
Kostnaðarverð eigin vinnu vegna fjárfestinga .....	(91.862)	(56.567)
Laun og launatengd gjöld samtals .....	<u>460.923</u>	<u>433.938</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok .....	63	63
Laun og hlunnindi stjórnar, forstjóra og framkvæmdastjóra hjá samstæðunni .....	30.528	27.733

### 5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:	2015	2014
Vaxtatekjur og arður .....	309.987	60.560
Vaxtagjöld og verðbætur .....	(307.103)	(256.957)
Gengismunur .....	61.391	100.420
Söluhagnaður / matsbreyting eignarhluta í félögum .....	703.380	(9.015)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....	<u>767.654</u>	<u>(104.993)</u>

### 6. Virkt skatthlutfall

Virkt skatthlutfall greinist þannig:	2015	2014
Hagnaður fyrir tekjuskatt .....	1.720.193	731.245
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli .....	20,00% 344.039	20,00% 146.249
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	( 8,18%) (140.676)	0,25% 1.803
Áhrif hlutdeildarfélaganna .....	( 0,11%) (1.842)	( 0,31%) (2.276)
Óskattskyld starfsemi vatnsveitu og fráveitu .....	( 4,41%) (75.777)	( 6,71%) (49.071)
Aðrir liðir .....	0,22% 3.721	( 3,74%) (27.356)
Virkur tekjuskattur .....	<u>7,53% 129.465</u>	<u>9,48% 69.349</u>

### 7. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar ársins og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og sýnir hver rekstrarniðurstaðan er á hverja krónu hlutafjár.

	2015	2014
Hagnaður ársins .....	1.590.728	661.896
Vegið meðaltal hlutafjár .....	846.662	846.662
Hagnaður á hlut .....	1,88	0,78

## Skýringar

### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig:

	Hitaveitu- kerfi	Rafveitukerfi og virkjanir	Vatnsveitu- kerfi	Fráveitu- kerfi	Aðrar eignir	Samtals
Heildarverð í ársbyrjun .....	5.837.553	2.498.798	2.165.926	2.389.651	1.510.998	14.402.926
Afskrifað samtals .....	(1.895.689)	(1.088.711)	(1.104.313)	(58.722)	(613.732)	(4.761.167)
Bókfært verð í ársbyrjun .....	3.941.864	1.410.087	1.061.613	2.330.929	897.266	9.641.759
Keypt á árinu .....	233.243	146.153	96.341	202.544	136.216	814.497
Selt á árinu .....					(739)	(739)
Afskrifað á árinu .....	(157.180)	(60.842)	(55.352)	(62.633)	(88.427)	(424.434)
Bókfært verð í árslok .....	4.017.928	1.495.398	1.102.601	2.470.840	944.316	10.031.082
Afskriftarhlutföll .....	2,5 - 5 %	2,5 - 6 %	2,5%	2,5%	2 - 20%	
Áætlaður nýtingartími .....	20 - 40 ár	17 - 40 ár	40 ár	40 ár	5 - 50 ár	

#### Sérstakt endurmat rekstrarfjármuna

Í árslok 2009 var framkvæmt sérstakt endurmat á veitukerfum og fasteignum félagsins.

Við endurmatið voru viðkomandi eignaflokkar metnir til gangvirðis. Framangreindar hækkningar voru færðar á sérstakan endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til áhrifa á frestaðan tekjuskatt.

Gangvirði veitukerfa og fasteigna er ákvarðað út frá afskrifuðu endurstofnverði. Það felur í sér að lagt er mat á breytingar á byggingarkostnaðarverði samskonar eigna og bæði stofnverð og uppsafnaðar afskriftir endurmetnar í samræmi við þær breytingar.

Endurmetin veitukerfi eru nýtt í starfsemi sem er háð sérleyfi og tekjumörk miða fyrst og fremst við breytingar á byggingarvísitölu. Tekið er tillit til þess við ákvörðun gangvirðis.

Það er mat stjórnenda að ekki sé tilefni til endurmats á árinu 2015.

#### Fasteignamat og vátryggingarverð

Vátryggingarverð, fasteignamat og bókfært verð eigna félagsins í árslok 2015 nam eftirtöldum fjárhæðum:

Vátryggingarverð veitukerfa og virkjana .....	35.500.177
Bókfært verð veitukerfa og virkjana .....	9.419.850
Vátryggingarverð fasteigna .....	2.561.483
Fasteignamat fasteigna .....	1.044.194
Fasteignamat leigulóða .....	222.610
Bókfært verð fasteigna .....	446.404
Vátryggingarverð lausafjármuna .....	226.668
Bókfært verð lausafjármuna .....	164.828

## Skýringar

### 9. Óefnislegar eignir

Bókfært verð óefnislegra eigna greinist þannig:	<b>31.12.2015</b>
Bókfært verð í ársbyrjun .....	103.995
Gjaldfærsla ársins .....	(28.661)
Bókfært verð í árslok .....	<u>75.334</u>

### 10. Eignarhlutur í dótturfélagi

Félagið átti í árslok 2015 dótturfélagið Fallorku ehf., sem er hluti af samstæðureikningi Norðurorku hf. Nafnverð eignarhlutarins nam kr. 224,5 millj. Hlutdeild félagsins í afkomu dótturfélagsins nam kr. 28,4 millj. á árinu 2015 samkvæmt rekstrarreikningi þess og bókfært verð eignarhlutarins í árslok 2015 nam kr. 487,8 millj. Norðurorka hf á 100% eignarhlut í Vistorku ehf. sem stofnað var á árinu en sá eignarhlutur er færður meðal eignarhluta í öðrum félögum.

### 11. Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum

Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð	Hlutdeild í afkomu
NORAK ehf., Akureyri .....	33,33%	58.621	75.763	4.549
Tengir hf., Akureyri .....	38,41%	57.618	133.948	4.660
			<u>209.712</u>	<u>9.209</u>

### 12. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:

	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
GPO ehf., Akureyri .....	5,37%	3.846	0
Hraf nabjargavirkjun hf., Akureyri .....	48,75%	12.188	12.452
Íslensk orka ehf., Akureyri .....	29,25%	238	0
Netorka hf., Hafnarfirði .....	7,73%	770	4.864
Orkey ehf., Akureyri .....	24,36%	5.713	2.000
Vistorka ehf., Akureyri .....	100,00%	500	500
Aðrir eignarhlutir .....		15	15
Bókfært verð í árslok .....			<u>19.831</u>

### 13. Verðbréfaeign

Í árslok 2009 seldi Norðurorka hf. eignarhlut sinn í Þeistareykjum ehf. og var hluti söluverðs í formi skuldabréfs og lánsamnings sem áttu að greiðast á árunum 2019 til 2034. Samkvæmt kaupsamningnum var kaupanda bréfanna einhliða heimilt að greiða samningana upp ásamt vöxtum hvenær sem er og var það gert undir lok árs 2015. Lánsamningurinn hafði ekki verið færður til eignar hjá félaginu þar sem greiðsla þess hluta kaupverðsins var háð því að orkuvinnsla myndi hefjast innan tuttugu og fimm ára frá undirritun kaupsamnings og því hefur verið óvissa um greiðslu. Greiðslan sem áður var háð óvissu var tekjufærð á árinu ásamt vöxtum frá söluhluta eignarhlutarins í samræmi við skilmála lánsamningsins.

Skuldabréfaeign í árslok er lán til hlutdeildarfélags sem endurgreiðist með 10 jöfnum afborgunum og er lokagjald daga bréfsins árið 2024.



## Skýringar

### 14. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur greinast þannig:	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
Viðskiptakröfur .....	303.612	271.178
Niðurfærsla viðskiptakrafna .....	(15.467)	(19.000)
	<u>288.145</u>	<u>252.178</u>

Niðurfærsla viðskiptakrafna er færð til þess að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign samstæðunnar. Niðurfærslan er byggð á mati stjórnenda og reynslu fyrri ára. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur niðurfærslureikning, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá eignfærðum viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

Niðurfærsla í ársbyrjun .....	19.000	17.200
Tapaðar kröfur á árinu .....	(4.075)	(9.170)
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu .....	542	10.970
Niðurfærsla í árslok .....	<u>15.467</u>	<u>19.000</u>

### 15. Handbært fé

Handbært fé greinist þannig:	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
Sjóður og bankainnstæður .....	957.355	353.273
Markaðsverðbréf .....	1.203.830	160.130
Handbært fé samtals .....	<u>2.161.185</u>	<u>513.403</u>

### 16. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er kr. 846,7 millj. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

	Hlutafé	Yfirverðs- reikningur	Endurmats- reikningur	Þýðingar- munur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé í ársbyrjun .....	846.662	268.225	1.556.708	2.772	3.962.154	6.636.521
Arður til hluthafa .....					(126.999)	(126.999)
Upplausn endurmats .....			(104.119)		104.119	0
Gengismunur v. þýðingar .....				(7.286)		(7.286)
Hagnaður ársins .....					1.590.728	1.590.728
Eigið fé í árslok .....	<u>846.662</u>	<u>268.225</u>	<u>1.452.589</u>	<u>(4.514)</u>	<u>5.530.002</u>	<u>8.092.964</u>

### 17. Tekjuskattsskuldbinding

Tekjuskattsskuldbinding greinist þannig:	<b>31.12.2015</b>	<b>31.12.2014</b>
Tekjuskattsskuldbinding í ársbyrjun .....	85.343	36.433
Reiknaður tekjuskattur ársins .....	129.465	69.349
Tekjuskattur til greiðslu .....	(99.858)	(20.438)
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>114.950</u>	<u>85.343</u>

## Skýringar

### 17. Tekjuskattsskuldbinding (frh)

	31.12.2015	31.12.2014
Tekjuskattur til greiðslu samkvæmt efnahagsreikningi greinist þannig:		
Tekjuskattur til greiðslu .....	99.858	20.438
Frádráttur vegna rannsóknar- og þróunarverkefnis .....	0	(20.133)
	<u>99.858</u>	<u>305</u>
Tekjuskattsskuldbinding skiptist þannig:		
Óefnislegar eignir .....	7.500	10.297
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	95.451	61.109
Birgðir .....	1.374	975
Viðskiptakröfur .....	(946)	5.084
Frestaður gengismunur .....	11.571	7.877
Tekjuskattsskuldbinding í árslok .....	<u>114.951</u>	<u>85.343</u>

### 18. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	31.12.2015	31.12.2014
Vaxtaberandi langtímaskuldir greinast þannig:		
Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:		
Skuldir í EUR .....	216.725	532.333
Skuldir í JPY .....	45.357	67.134
Skuldir í USD .....	6.505	12.740
	<u>268.588</u>	<u>612.208</u>
Skuldir í íslenskum krónum .....	4.127.329	4.119.631
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	4.395.917	4.731.839
Næsta árs afborganir .....	(324.066)	(398.132)
Vaxtaberandi langtímaskuldir í efnahagsreikningi samtals .....	<u>4.071.851</u>	<u>4.333.707</u>

Afborganir af vaxtaberandi langtímaskuldum félagsins greinast þannig á næstu ár:

Árið 2016 .....	324.066
Árið 2017 .....	105.464
Árið 2018 .....	2.136.284
Árið 2019 .....	81.675
Árið 2020 .....	86.480
Síðar .....	1.661.949
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborganir .....	<u>4.395.917</u>

### 19. Tengdir aðilar

#### Skilgreining tengdra aðila

Aðilar teljast vera tengdir aðilar ef þeir fara með bein eða óbein yfirráð í félaginu eða hafa vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu þess. Meðal tengdra aðila félagsins eru: Lykilstjórnendur, nánir fjölskyldumeðlimir lykilstjórnenda og félög þar sem lykilstjórnendur eða nánir fjölskyldumeðlimir þeirra fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif á. Hluthafar sem fara með yfirráð eða hafa veruleg áhrif teljast einnig tengdir aðilar.

#### Viðskipti við lykilstjórnendur

Upplýsingar um laun til stjórnenda félagsins er að finna í skýringu 4. Upplýsingarnar ná ekki til sölu Norðurorku hf. á hefðbundnum aðföngum til heimilisreksturs viðkomandi aðila. Félagið átti engin önnur viðskipti við stjórnendur á árinu og stjórnendur eiga ekki hlut í félaginu.

## Skýringar

### 19. Tengdir aðilar (frh)

#### Önnur viðskipti við tengda aðila

	2015	2014
<b>Sala á vöru og þjónustu</b>		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	275.935	265.513
Aðrir hluthafar .....	12.371	12.132
Hlutdeildarfélag .....	2.259	4.325
	<u>290.566</u>	<u>281.970</u>
<b>Kostnaður</b>		
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	61.516	58.926
Aðrir hluthafar .....	2.383	2.431
Hlutdeildarfélag .....	8.546	7.484
	<u>72.445</u>	<u>68.842</u>

#### Staða

Viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir við tengda aðila greinast þannig:

	31.12.2015	
	Kröfur	Skuldir
Akureyrarbær og stofnanir sveitarfélagsins .....	116.573	(12.572)
Aðrir hluthafar .....	5.876	(2.933)
Hlutdeildarfélag .....	4.359	(74)
	<u>126.808</u>	<u>(15.578)</u>
Skuldabréfaeign:		
Hlutdeildarfélag .....	17.285	

Auk tekna hér að ofan fékk félagið greiddar vaxtatekjur frá Akureyrarbæ að fjárhæð kr. 10,3 millj. og frá hlutdeildarfélagi að fjárhæð kr. 438 þús.

### 20. Kennitölur

Helstu kennitölur:	2015	2014
EBITDA - afkoma fyrir afskriftir og fjármagnsliði .....	1.396.424	1.101.182
Veltufjárlutfall - veltufjármunir / skammtímaskuldir .....	3,42	1,55
Eiginfjárlutfall - eigið fé / heildarfjármagn .....	61,9%	56,4%
Innra virði - eigið fé / hlutafé .....	9,56	7,84





Ólafsfjörður - Skegjabrekkudalur í baksýn  
Ljósmynd: Brynjólfur Sveinsson 1914-1981  
Mynd líklega tekinn árið 1973 eða 1974

Norðurorka hf. [www.no.is](http://www.no.is)  
Rangárvöllum Sími: 460 1300  
603 Akureyri [no@no.is](mailto:no@no.is)



**NORÐURORKA**

Vatnsveita - Rafveita - Hitaveita - Fráveita